

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Reykjavík

Reykjavík, 5.apríl 2024
VEL 24020048

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Þingskjal 1290 — 864. mál.

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis sem barst Reykjavíkurborg þann 25. mars 2024 varðandi beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga.

Af hálfu Reykjavíkurborgar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Reykjavíkurborg fagnar þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu varðandi það markmið að bæta afkomu örorkulífeyrisþega, sérstaklega kjör þeirra sem lakast standa og auka stuðning til virkrar þátttöku á atvinnumarkaði. Með fyrirhuguðum lagabreytingum er horft til þess að stjórnvöld nái að stíga skref til bættrar þjónustu, stuðnings og ráðgjafar fyrir framangreindan hóp.

Í frumvarpinu koma fram ýmis nýmæli og hugtök, m.a. hvað varðar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, hlutaörorkulífeyri, samþætt sérfræðimat og þjónustukerfi. Af hálfu Reykjavíkurborgar er tekið undir þau áform er koma fram um hlutaörorku, virknistyrk og hækkað frítækjumark þar sem slíkt stuðlar að hvatningu til atvinnuþátttöku en slík áhersla er löngu tímabær. Ljóst er að þau áform sem fram koma í frumvarpi um að styðja einstaklinga til atvinnuþátttöku að hluta, munu ekki ganga eftir nema samhliða verði unnið að viðhorfsbreytingum gagnvart þeim hópi fólks sem ekki getur stundað fulla atvinnu. Huga verður að hvötum fyrir fyrirtæki svo þau sjái hag sinn í því að ráða fólk með skerta starfsgetu til hlutastarfa og vonir eru bundnar við að Vinnumálastofnun nái að sinna því ráðgjafar- og stuðningshlutverki sem henni er ætlað.

Reykjavíkurborg telur jákvætt að sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eigi að ná til breiðari hóps en áður. Fram kemur að skilyrði sjúkra- og endurhæfingargreiðslna sé að fyrir liggja endurhæfingaráætlun eða staðfesting á viðurkenndri meðferð. Í því sambandi telur Reykjavíkurborg að huga þurfi að þeim hópi einstaklinga sem glímir við fíknisjúkdóm og þarfnast t.d. viðhaldsmeðferðar eða meðferðar á grundvelli skaðaminnkandi nálgunar. Skýra má betur hvað átt er við með viðurkenndri meðferð, t.d. í orðskýringum og/eða í reglugerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að horfið verði frá örorkumati eins og það er þekkt í dag en þess í stað verði tekið upp samþætt sérfræðimat sem er heildrænt mat á getu viðkomandi til virkni á vinnumarkaði. Reykjavíkurborg lítur slíkt mat mjög jákvæðum augum og telur mjög til bóta að stuðst sé við mat sem nær ekki eingöngu til læknisfræðilegs mats á heilsufari. Hins vegar er bent á að orðfæri frumvarpsins er enn töluvert heilsufarsmiðað, t.d. sú áhersla sem lögð er á

heilsubrest. Mikilvægt er að horfa til fólks sem býr við íþyngjandi fötlun og að hugtakið endurhæfing sé túlkað það rúmt að það nái til sálfélagslegra þátta sem mikilvægt er að vinna með í endurhæfingu einstaklinga.

Þann 15. febrúar 2024 var undirrituð yfirlýsing um samstarf þjónustukerfa á sviði endurhæfingar. Reykjavíkurborg fagnar þeirri yfirlýsingu enda byggja þau áform, sem fram koma í frumvarpsdrögum, á ríku samstarfi þeirra kerfa sem vinna eiga að stuðningi við einstaklinga með skerta starfsgetu. Með slíku samstarfi verður látið reyna á samstarfsvilja og samábyrgð þeirra kerfa sem yfirlýsinguna undirrita. Náist ekki að vinna að markmiðum yfirlýsingarinnar verða að hluta til brostnar þær forsendur sem fram koma í frumvarpi um samræmt þjónustumat og samstarf þjónustukerfa. Áhersla er lögð á að hugað verði að því að ICF matskerfið verði prófað á hinum ýmsu notendahópum.

Reykjavíkurborg hefur skilning á þeim rökum sem liggja að baki greiðslum vegna aldursviðbóta. Hins vegar er hópur fólks í þjónustu sveitarfélaga sem mögulega er ekki metinn til örorku fyrr en seint á lífsleiðinni. Sá hópur hefur verið utan vinnumarkaðar vegna félagslegrar stöðu til langs tíma. Reykjavíkurborg telur mikilvægt að huga að undanþágum um aldursviðbætur fyrir þann hóp sem mögulega mætti gera á grundvelli ICF matsins og með tilliti til lífssögu viðkomandi.

Það er mat Reykjavíkurborgar að mikilvægt sé að umrætt frumvarp verði að lögum þar sem gert er ráð fyrir miklum framförum í þjónustu við einstaklinga sem þarfnast stuðnings til starfsendurhæfingar. Rýmkun frítekjumarka er mikilvæg breyting sem og tilkoma virknistyrks. Með samstarfi og samvinnu þjónustukerfa er um að ræða mjög jákvæða tilraun til að tryggja samþætta og samfellda þjónustu til einstaklinga með skerta atvinnugetu sem þurfa þjónustu frá fleiri en einu kerfi. Mikilvægt er að slíkt samstarf verði lögfest og að allir aðilar virði skyldur sínar í slíku samstarfi.

Jákvætt er að í frumvarpinu kemur fram að lögin skulu endurskoðuð fyrir 1. september 2030. Reykjavíkurborg telur mikilvægt að strax við gildistöku laganna liggi fyrir áform um hvernig skuli greina áhrif laganna m.a. hvaða tölulegum upplýsingum skuli safnað. Huga mætti að því að fyrsta mat á áhrifum laganna lægi fyrir eftir þrjú ár og að lögin verði endurskoðuð í heild sinni fyrir 1. september 2028.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er lýst yfir vilja til samráðs við mat á áhrifum laganna, gagnsemi ICF flokkunarkerfisins og árangri á samstarfi þjónustuaðila.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar auk þess sem fulltrúar Reykjavíkurborgar munu koma fyrir þingnefnd, ef óskað er, til að gera frekari grein fyrir því sem fram kemur í umsögninni.

Virðingarfyllst,
f..h. Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri,
velferðarsviði Reykjavíkurborgar